

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 15.8.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Lúðvig Þorfinnsson (LP), Jón Valgeirsson (JV)

## 2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi mál síðasta verkfundar
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

- 3.1. Farið var yfir framgang við áfanga 1A og áfanga 2. Áfangi 1A er á lokametrum, unnið er við mælingar. Jarðvinnu við áfanga 2 er lokið að undanskilinni einni heimtaug sem unnið er að. Blástur kemur í kjölfarið á jarðvinnu og gengur hnökralaust.
- 3.2. Næst verður plægt að Auðsholti og miðað við að áfangi 1B klárast í heild sinni. Fer þó eftir því hvort að tvíburarrör verða tiltæk. GD athugar með afhendingu á rörum.
- 3.3. JV bar upp samningamál við þjónustuveitur. GD athugar málið og finnur fyrirmynd af slíkum samningi sem nota má er snýr að aðstöðu og heimtaugaleigu.
- 3.4. Þátttaka sumarhúsa var rædd stuttlega.
- 3.5. Fyrirhugaður kynningafundur með fjarskiptafélögum ræddur sem haldinn verður síðar í dag. GD verður á staðnum. Staðfest þátttaka frá Símanum og Vodafone, Ábótinn sýndi fundinum áhuga en ekki komin staðfesting á þátttöku.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. GD athuga með tiltækileika og afhendingu á tvíburarörum, miðla uppl. Til Hannibals.
- 4.2. GD finna fyrirmynd af samningi við þjónustuveitur.